

Smári Ólason:
Skýrsla um lög Ísólfs Pálssonar
4. apríl 2018.

1. Handrit Augusts Lundhs.

August Lundh (1838-1916) var tónlistarkennari, kirkjutónlistarmaður og tónskáld í Svíþjóð. Frá 1869 til 1916 var hann m.a. organisti við Þýsku kirkjuna í Stokkhólmi. Lundh hefur verið fenginn til að raddsetja lög Ís.P í byrjun 20. aldar.

Samkvæmt númeraröð Lundhs hafa upprunalega verið a.m.k. 39 lög í handritinu.

Þau númer sem hafa varðveist eru skráð hér og innan sviga númerin í þessu safni Ís.P. Sé um að ræða tvær mismunandi uppskriftir hjá Lundh er sú sem ekki er stuðst við sett í hornklofa: [3.] 3b. (55) 4. 4b. (75) 5. (54) 6. (76) [8. 124]^{*)} 9. (25) 12. 12b. (24) 15. (32) 19. (2) 20. (31) 21. (56) 26. (6) 27. (12) 28. (57) 30. (7) [31.] 31b. (59) 33. (52) 36. (23) 38. (13) [39.] 39b. (60) og 00. (74)^{**)}.

Samtals 20 númer með 23 raddsetningum, í þessari útgáfu á lögum Ís.P nr. 2 13 21 23 24 25 26 27 28 30 31 32 52 54 55 59 60 74^{**)} 75 76 og 124.

^{*)} Lundh hefur strikað yfir raddsetningu no 8 en P.Ís og fleiri hafa endurritað hana og því er hún með hér nr. 124.

^{**)} Í handritasafni Ís.P er radd. f. 4ra radda blandaðan kór sem í safni P.Ís nr. 74 er lagið Landsýn (Af hafi sé ég). Þetta blað er merkt með bókstafnum L sem bendir til skv. öðrum heimildum að sé radd. eftir Lundh en er ekki til í eiginhandaritum hans.

Þau númer sem ekki hafa varðveist eru:

1. 2. 7. 10. 11. 13. 14. 16. 17. 18. 22. 23. 24. 25. 29. 32. 34. 35. og 37.

Samtals 19 númer. Gera má ráð fyrir að sumar af elstu raddsetningunum við lög Ís.P sé upprunalega gerðar af Lundh en að það vanti heimildir þar um.

Í sumum tilfellum hafði raddsetningum Lundhs verið breytt í nýjum uppskriftum en í þessari útgáfu færði ég þær að mestu í upprunalegan búning skv. hans handritum.

2. Uppsetning:

Páll Ísólffson tók upp á því að skammstafa nöfn þeirra feðga sem Ís.P fyrir Ísólf og P.Ís fyrir sig. Við höfum því stuðst við þá aðgreiningu á þeim. Aðrar skammstafanir eru radd. fyrir raddsetning og f. fyrir fyrir.

Nokkrum árum eftir lát föður síns skrifaði P.Ís upp 122 lög eftir hann og setti saman í eitt hefti. Við gerð þessa samansafns laga eftir Ís.P var farið að mestu eftir þessari uppskrift P.Ís. Með tilliti til frumgagna Ís.P er raddsetningum stundum breytt og augljósar prentvillur eru leiðréttar. Einnig eru á nokkrum stöðum gerðar breytingar með tilliti til rétttrar hljómfraeði. Við Gylfi höfum samræmt lög sem voru skráð hjá P.Ís með mismunandi númerum í mismunandi myndum í sömu númerin. Þar má t.d. benda á lagið „Bræðrakveðja“ sem hjá P.Ís var í 3 útgáfum nr. 36, 45 og 46. Þessi lög fengu númerin 45.a, 45.b og 45.c. Til að halda númeraröðinni settum við önnur lög en þau sem voru í uppskrift P.Ís 1-122 inn í þessi númer sem losnuðu, hér nr. 36 og 46. Í sumum tilfellum höfum við líka bætt við öðrum raddsetningum af sama laginu, t.d. þegar lag hjá P.Ís er skrifað fyrir 4ra radda blandaðan kór og í gögnum Ís.P finnst raddsetning fyrir karlakór þá fær lagið eins og það er hjá P.Ís greininguna .a fyrir aftan númerið en viðbótarnúmerin fá þá greininguna .b o.s. frv.

Lögum sem skrifuð voru út sem 4/8 var breytt í 2/4. Áttundapartsnótur eru tengdar saman með bjálka. Komi nýtt vísuorð á seinni áttundapartsnótuna er bjálkinn felldur niður. Sé sama atkvæði textans á tveimur eða fleiri áttundapartsnótum eru þær tengdar með boga.

Þar sem stendur: „Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.“ er átt við að útsetningin sé eftir P.Ís skv. handritum Ís.P eða að hann hafi lagfært hana að hluta. Löggin frá 123 til 144 voru ekki með í uppskrift P.Ís og eru heimildir fyrir þeim mjög mis góðar. Sumt af þessum lögum eru drög, þ.e. Ís.P hefur skrifað þau upp sem fyrstu hugmyndir en ekki unnið þau frekar. Lög nr. 133, 136, 138, 140, 141, 142 og 144 eru eingöng til ljósrituð eftir frumgögnum Ís.P og ég vann þau því eftir ljósritum af þeim ljósritum. Heppilegra hefði verið að fara eftir fyrstu ljósritunum en því miður vannst ekki tími til þess.

Lokasetning við hvert lag á við um breytingar eða leiðréttingar laganna og uppskrift þeirra á stafrænt form, t.d. vegna niðurfellingu boga, leiðréttinga skv. frumgögnum, leiðréttinga á greinilegum ritvillum og hljómfraðilegra breytinga.

Í fjögurra radda raddsetningum, hvort sem þær eru frjálssar raddsetningar eða raddsetningar fyrir blandaðan kór eru raddirnar skilgreindar í athugasemdum sem sópran - alt - tenór og bassi. Í karlakór eru þær skilgreindar sem 1. tenór - 2. tenór - 1. bassi og 2. bassi.

Hljóðfæri Ís.P var harmóníum orgel. Tónninn í slíku hljóðfæri heldur áfram að hljóma svo lengi sem snertlinum er haldið niðri og því var algengt hjá Ís.P að binda sömu nóturnar í hverri hendingu með bogum. Í öðrum hljómborðshljóðfærum eins og t.d. píanóum og flyglum er strengurinn sleginn með hammri og tónninn deyr út þó svo að snertlinum sé haldið niðri. Í öllum sálmasöngsbókum 20. aldarinnar (t.d. 1936) voru bindingar ekki skráðar inn í nótnamyndina og því förum við hér eftir sömu reglu og höfum við fellt niður alla boga nema þar sem þeir eru hluti af tónsmíðinni sjálfri. Þeir sem spila á orgel eða harmóníum hljóðfæri kunna að beita þessari binditækni án þess að hún sé skrifuð inn í nótnamyndina. Breytingar og lagfæringar á stafrænu útskriftinni eru skráðar eftir þyngdarröð: Engar, Minniháttar, Nokkrar, All margar, Töluverðar, Töluverð yfirlega og Töluvert miklar. Í tilvitnunum um sálma í Sálma bókum íslensku Þjóðkirkjunnar er fyrri talan skv. Sálma bókum eftir árið 1886 og fyrir 1945 en seinni talan í útgáfum þeirra eftir árið 1972.

- 1 Lífsins faðir lof sé þér
Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Önnur raddsetning er í A02 eftir P.Ís. Minniháttar breytingar.
- 2 Góður engill Guðs oss leiðir
Staðfest að raddsetning er eftir Lundh no 19. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór.
Minniháttar breytingar.
- 3 Morgunn (Nú ljómar dagur)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Tileinkað VI. gráðu í Frímúrarareglunni. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór.
Skv. Skráningu Ís.P er lagið samið 1921. 3. hending í þessu lagi Ís.P er nákvæmlega eins og í lagi Þorvaldar Blöndals „Nú sefur jörðin sumargræn“. Árið 1921 hefur Þorvaldur sem var fæddur 1903 verið 18 ára en Ís.P 50 ára. Ég tel því réttara að álykta sem svo að Ís.P hafi fyrst komið með þessa hendingu. Ís. P hefur líka sett textann „Hvað boðar nýárs blessuð sól“ við þetta lag. Minniháttar breytingar.

- 4 Eitt á enda ár vors líf er runnið
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 5 Ég horfi yfir hafið
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 6 Gakk inn í herrans helgidóm
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 26. Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkrar breytingar.
- 7 Sá ljósi dagur liðinn er
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 30 í 3/4. Studdist við A02. Radds.f. 4ra radda blandaðan kór. Í B10 er lagið skrifað út í 6/8 og í tóktum 15-17 skv. 3/4 útskriftinni er breytt raddseting. Minniháttar breytingar.
- 8 Verði ljós. verði hér ljós!
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 9 Það er svo oft í dauðans skuggadölum
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Önnur raddsetn. í B08. Töluverðar leiðréttingar á texta við nóturnar.
- 10 Sjá þann hinn mikla flokk sem fjöll
Studdist við A02. Raddsetn. f. 4ra radda blandaðan kór. Breytingar í 3. og 7. takti skv. A02.1, B08 og B10. Breyting í 11. takti skv. A02.1. Önnur radds. í A02.2. Nokkrar breytingar.
- 11 Kveðja (Þá skulum við, vinir, nú skilja í dag)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 12 Við freistingum gæt þín
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 27. 4/4 breytt í 2/4. Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Ein hljómfraðileg breyting til að koma í veg fyrir samtígar einundir í bassa og tenór: 7. taktur 1 tenór b 1/4 í stað b punkteraður 1/8 og a 1/16, unisono með bassa. Minniháttar breytingar.
- 13 Sem vorsól ljúf, er lýsir grund
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 38. Studdist við A02, hrynræn breyting frá Lundh í 1. takti. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkrar breytingar.
- 14 Ó, Jesú bróðir besti
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 15 Þú guð, sem stýrir stjarna her

- Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Studdist við A02 og B10. Blöð með öðrum raddsetningum sem rissblöð. Nokkrar breytingar.
- 16 Pinn sonur lifir
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 17 Hin fegursta rósin er fundin
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 18 Ó, blessa, guð, vort feðrafrón
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Veruleg frávik í 14. og 15. takti í B08. Minniháttar breytingar.
- 19 Hátt ég kalla, hæðir fjalla
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Smávægileg breyting í 8. takti skv. B08 og B10. Önnur raddsetn. í A02.2. Nokkrar breytingar.
- 20 Lyftum hug í hæðir
Studdist við A02 og B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Breyting frá P.Ís skv. A02 og B08 í 12. takti 1, as í bassa afturkallað sem a (augljós prentvilla). Minniháttar breytingar.
- 21 Guð faðir, góða nótt
Studdist við A02 og B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Breyting á P.Ís í 6. takti 2, des sem 1/8 í alt heldur sér en er ekki c (augljós prentvilla). Lag nr. 108 ber einnig heitið Kveldbæn, en texti þessa lags passar ekki við það. Minniháttar breytingar.
- 22 Á föstudaginn langa (Ég kveiki á kertum mínum)
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 23 Sælir eru þeir sem heyra Guðs orð
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 36. Þessi radds. er að mestu fyrir 4ra radda blandaðan kór, í 1., 9. og 14. takti syngur bassinn heilnótu á móti fjórum 1/4 parts nótum í efri röddunum. Í 9. takti 3. atkvæði breyti ég f í h í tenór og í 14. takti 3. atkvæði breyti ég h í tenór í e þar sem þessi hljómar voru mjög „tómir“ (þ.e. án þríundar) á áhersluatkvæði. Önnur radds. í B10. Minniháttar breytingar.
- 24.a Jólanótt
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 12. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Skv. Lundh og B09 leiðrétti ég P.Ís í 20. takti 4 í alt sem f ís en ekki e. Á tveimur öðrum stöðum er mismunur á raddsetningu hjá P.Ís og Lundh. Í 27. takti 1 er bassinn hjá Lundh með 1/2 nótu c ís en hjá P.Ís er hún 1/2 d. Þar sem raddsetning P.Ís er betri hef ég látið hana standa. Í 30. takti 1 er hjá P.Ís 1/2 nóta f ís en hjá Lundh e sem ég breyti. Lagið er hjá Lundh í E-dúr en neðanmáls mælir hann með því að flytja það í G-dúr og á öðru blaði skrifar hann þannig upp fyrstu þrjá taktana. Að okkar dómi væri það full hátt svo við ákváðum að hafa það með í F-dúr. Styrkleikabreytingar skv. B09. Töluverðar breytingar.

- 24.b Jólanótt
Sjá 24.a, flutt í F-dúr.
- 25 Sönglag án texta (hjá P.Ís Prelúdía)
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 9. Breytt úr 4/8 í 2/4. Þar sem það vantar textann er raddsetningin ekki passandi sem 4ra radda fyrir blandaðan kór nema að hafa textann upp á innsetningu boga o.s.frv. Þetta lag hefur upprunalega verið samið við texta sem nú er týndur enda hefur Lundh skráð það sem raddsetningu fyrir 4ra radda blandaðan kór. P.Ís hefur kallað það „Prelúdía“ sem er algjört rangnefni. Fyrstu 5 taktarnir eru forspil, í 5. takti 2. atkvæði byrjar kórsöngurinn og í tóktum 18-21 kallast sóp. ten. og alt á. Skv. Lundh set ég inn endurtekningarmarki á takta 19-29. Í 2. takti á 2 er prentvilla cís í alt hjá P.Ís, leiðrétt skv. Lundh í h. Töluverðar breytingar.
- 26 Er þagnaðar kliður
Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik, nokkuð skrítið lag. Til eru 5 mismunandi raddsetningar við það. Í A02 sem er ónothæf raddsetning stendur ártalið 1931 en í B08 stendur 1934. Í 2. takti á 2 kemur fram stæ 2 (stækkuð tvíund) í tenór, es-fís, sem er yfirleitt ekki talin vera góð raddsetning. Töluverðar breytingar frá P.Ís, mjög erfitt að komast að endanlegri niðurstöðu. Verulegar breytingar.
- 27 Lofsöngur (Þér lof sé drottinn)
Studdist við A02 og uppskrift Sigurðar Ísólfssonar frá 1947 á þessu lagi við annan texta, alls eru 3 tatar til við þetta lag. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í uppskrift P.Ís vantaði 10. takt sem er samhljóma 2. takti. Texti Ísólfs og lagið eru frá 1927, en árið 1929 gerði Freysteinn Gunnarsson annan texta sem hefur verið notaður með þessu lagi í Frímúrarareglunni. Uppskrift P.Ís er í C-dúr. Alls eru 18 handrit í safni Ís.P með þessu lagi, þar af eru 8 í Des-dúr, 5 í C-dúr, 2 í Es-dúr, 2 í H-dúr og 1 í As-dúr þannig að Ís.P virðist hafa verið að finna út hvað passaði best fyrir blandaðan kór. Í Söngbók Frímúrara er karlakórsúsetning á þessu lagi í D-dúr. All nokkrar breytingar.
- 28 Bæn
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08.
Laglína með frjálsum undirleik fyrir harmóníum hljóðfæri með tilheyrandi bogum og bindingum þar sem sameiginlegum nótum er haldið niðri, oft eins lengi og þær hljóma innan hveggjars hendingar. Umbreyting mín er fyrir píanóleik með tilheyrandi niðurskurði á bindibogum. Veruleg frávik frá frumriti. Neðanmáls má sjá skrifleg skilaboð Ís.P til P.Ís um að hann hafi óbundnar hendur um breytingar á taktskipam með meiru. All nokkrar breytingar.
- 29 Páskasöngur
Studdist við B08 t.d. með styrkleikabreytingar. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Setti inn texta í tóktum 23 til 26 til þess að hægt væri að flytja þetta lag. Í 28. takti 3 verður að setja inn fasta formerkið fyrir dís í bassa vegna þverstæðu d í tenór á 4. Verulegar breytingar.

- 30 Minning (eftir barn)
Studdist við A02. Radds. f. karlakór. Í 7. takti 3 hjá P.Ís. stendur dís í bassa, þess vegna verður að vera afturköllunarkerki fyrir d í tenór á 6 í sama takti (þverstæða). Minniháttar breytingar.
- 31 Aldamótin (1900)
Staðfest Lundh no 20. Studdist við B10. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er raddsetning f. karlakór. Í tímaritinu Frækorni, 6.útg. 21. tbl. 30. nóvember 1905 á bls. 177 er önnur radds. með sama texta líka fyrir karlakór. Leiða má líkum að því að þetta sé eldri raddsetning en sú sem Lundh gerði. Texti lagsins skiptist í 4: 11 11 11 11, samtals 44 atkvæði. Alls eru frávik í raddsetningu Lundhs á 19 atkvæðum, eða um 43%. Í heild sinni er raddsetning Lundhs betri. Í B08 og B10 eru líka aðrar radds. Nokkrar breytingar.
- 32 Andvökunætur
Staðfest Lundh no 15. Studdist við A02. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Í B02 er radds. f. blandaðan kór í f-moll. Nokkrar breytingar.
- 33 Þögla nótt
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08 og B10. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Í 10 takti 4 stendur í sópran afturkallað d svo það vantaði fasta formerkið fyrir des í sópran í 11 takti 3. Nokkrar breytingar.
- 34 Til fánans
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Studdist við B08 og B10 og breytingar gerðar skv. þeim. 8. taktur 4og í alt er 1/16 e og í 10. takti 1 í sópran á að vera afturköllun á cís: 1/2 c (breyting í G-dúr). Nokkrar breytingar.
- 35 Eg elska yður, þér Íslands fjöll
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Studdist við handrit B10. Í 3. takti á 4 er eftirá breyting hjá P.Ís þar sem 2. bassi tvöfaldar nótuna c, við það myndast í næsta hljómi samstígg fimmund (//5) milli 2. tenórs og 2. bassa. Ég læt því bassa halda punkteruðum fjórðaparti á 3 eins og stendur upprunalega hjá P.Ís. Þessa breytingu hans á radds. er ekki að finna í B10.1 en er í B10.2 og B10.4. Nokkrar breytingar.
- 36 Júlínótt (Nú máttu hægt um heiminn líða)
Ekki með hjá P.Ís. Stuðst við handrit Ís.P og B09. Í 2. takti 7-8 er mjög stríður hljómur sem ég læt standa. Í 8. takti 3-4 stökkva bassi og tenór um samstíga áttund (//8) c - f. Ég breytti því tenórnum þannig að hann heldur tóninum c á 4. Í sama takti er skrifað bassi g, tenór d, alt g og sópran d. Þetta er því þríundarlaus G-(dúr) þríhljómur. Ég breytti því tenór h til að fá fullkominn þríhljóm. Á þessu númeri var 45.a í Es-dúr

- 37.a Ég gekk í björg
Var P.Ís. nr. 39. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B09. Hér radds. P.Ís einsöng í tenór með einfaldri radds. f. karlakór (að mestu leyti hummað undir). Ég setti inn uppskiptan texta fyrir karlakórinn svo að betra væri að flytja þetta lag. All nokkrar breytingar.
- 37.b Ég gekk í björg
Radds. Jóns Ásgeirssonar á lagi nr. 37, hér fyrir einsöng, blandaðan kór og píanóundirleik. Minniháttar breytingar.
- 37.c Ég gekk í björg
Var P.Ís nr. 37. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Studdist við A02. 26. taktur 2 alt breytt frá 1/8 a í h skv. öðrum handritum. Bætti inn texta í tóktum 7 og 8 og 15 og 16 svo hægt væri að flytja lagið.
- 38 Ísland
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þessi radds. hans er f. karlakór. Í 7. takti 2 og 3 skrifar P.Ís bæði laglínu og hljómsetningu öðru vísi en er í handritum Ís.P 2xA02, B08 og B10. Ég breyti því þessum taktliðum skv. þeim handritum. Nokkrar breytingar.
- 39 Harpan mín (Á þilinu hangir harpan mín)
Ekki með hjá P.Ís. Raddsetning fyrir karlakór. Kom frá skjali B-1 og B09 sem er skrifað út ásamt nokkrum öðrum lögum og hefur líklega verið gefið út. Nokkrar breytingar. Á þessu nr. var 37.a
- 40 Einmál
Studdist við B08. Nokkuð sérstök raddsetning Sigurðar Þórðarsonar. Minniháttar breytingar.
- 41 Hreiðrið mitt (Þér frjálst er að sjá)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Stuðst við B08. Raddsetn. P.Ís f. tenór með undirleik hamóníums. Margir bogar fjarlægðir. Í A02 er önnur úts. eftir Ís.P og í öðru handriti útsetning sem er nokkuð frábrugðin. Minniháttar breytingar.
- 42 Krummi svaf í klettagjá
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Skv. Fjólu 21 og B08. Fyrir utan 5. takt er lagið skrifað sem radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 43.a Fjallkonan
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt raddsetningunni. Studdist við B10 26 a. Þessi raddsetning fyrir margraddaðan kór er of flókinn fyrir 4ra radda blandaðan kór, mjög algengt er að þar séu 5 og 6 raddir og allt upp í 7 raddir á sama

hljómnum. Í tóktum 36 til 38 gekk úts. P.Ís ekki upp fyrir blandaðan kór og því lagfærði ég þann hluta raddsetningarinnar aðeins til. Verulega miklar lagfæringar.

- 43.a² Fjallkonan
Ég einfaldaði úts. P.Ís þannig að nú er hún fyrir 4ra radda blandaðan kór, þess vegna set ég stafina mína fyrir aftan nafn P.Ís. Í B10 og A02 eru aðrar útsetningar á þessu lagi sem Ís.P hefur gert fyrir blandaðan kór. All verulegar breytingar.
- 43.b Fjallkonan
Raddsetning P.Ís fyrir karlakór. Ég einfaldaði aðeins raddsetningu hans án þess í raun að breyta neinu. Minniháttar breytingar.
- 44 Saknaðu' ei móður
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við A02. Frjáls útsetning með forspili. Lagið er í 6/8 og byggist að mestu á punkterandi 1/8 parts nótu, 1/16 parti og 1/8 parti. Þetta mótív kemur 4 sinnum fyrir í forspilinu og 9 sinnum í laginu sjálfu. Í 9., 11. og 13. takti skrifar P.Ís 3 jafnar 1/8 parts nótur. Í gögnum Ís.P eru þessir staðir skrifaðir eins og á öðrum stöðum og því breytti ég þeim. Í A02 og B08 eru aðrar raddsetningar, t.d. einsöngur með undirleik. Nokkrar breytingar.
- 45.a Bræðrakveðja (Liðinn er dagur)
Var P.Ís nr. 36 í Es-dúr, hér sama útsetning í F-dúr. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B10 og niðurskrift Sigurðar Ísólfssonar á þessu lagi frá árinu 1947. Laglína með frjálsum undirleik. Nokkrar breytingar.
- 45.b Bæðrakveðja (Liðinn er dagur)
Var P.Ís nr. 46. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Studdist við B20 og niðurskrift Sigurðar Ísólfssonar frá árinu 1947. Minniháttar breytingar.
- 45.c Bræðrakveðja (Liðinn er dagur)
Var P.Ís nr. 45. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt raddsetningunni. Raddsetning fyrir einsöng með mjög skrautlegu píanóspili. Studdist við B10 og niðurskrift Sigurðar Ísólfssonar frá árinu 1947. Nokkrar breytingar.
- 46 Kvöld / Kveldljóð
Var ekki í handriti P.Ís. Þessi 4ra radda raddsetning f. blandaðan kór kemur frá handriti B-26.
Á þessu nr. var 45.b.
- 47 Haust (Nú hnígur sól)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Skv. B08 breytir P.Ís raddsetningunni í tóktum 20 til 23. B10.65 er önnur útsetning. Minniháttar lagfæringar.

- 48 Mon nogen dadle
Staðfest að P.Ís hefur raddsett þetta lag. Stuðst við B08. Laglína með frjálsum undirleik. Lagið er samið 1928 við texta Ludvigs E. Kaaber og tileinkað honum. Textinn er skv. frumriti LEK frá 1927. Ís.P hefur líka skráð þetta lag með heitinu „ Eitt vinhlýtt orð“ en sá texti hefur ekki fundist. Minniháttar lagfæringar.
- 49 Rökkurró
Stuðst við A02 og Fjólu bls. 31. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar lagfæringar.
- 50.a Það árlega gerist
Stuðst við B10 og Fjólu bls. 5. Laglína með frjálsum undirleik. Þetta lag er til í mörgum raddsetningu. B08 önnur raddsetning, B09 og B10 4ra radda undirleikur, B09 söngur með undirleik, B09 karlakórsútsetning, B09 raddsetning f. blandaðan kór. Nokkrar lagfæringar.
- 50.b Það árlega gerist
P.Ís nr. 89. Studdist við B09. Radds. f. karlakór mjög líklega eftir Sigurð Þórðarson (S. Þ.). Minniháttar lagfæringar.
- 51 Tinda fjalla ég sé alla
Er ekki í handriti P.Ís. Kemur frá einu af þremur handritum sem ekki er vitað hver hefur skrifaði niður, hér það neðra af tveimur lögum á sama blaði. Þetta er raddsetning P.Ís fyrir karlakór en er nokkuð sérstæð. Á þessu nr. var 43.a. Minniháttar breytingar.
- 52 Sumarnótt
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 33. Studdist einnig við Fjólu bls. 24 og B10. Laglína með frjálsum undirleik. All nokkrar breytingar.
- 53 Hin dimma, grimma hamrahöll
Þetta er lang viðamesta verk Ís.P, radds. f. tenór og karlakór með píanóundirleik. Draga má þá ályktun að Sigurður Þórðarson hafi gert hana. Eins og öll önnur verk hjá P.Ís skrifaði hann texta lagsins ekki niður. 1. Próförk af laginu var því með mjög takmörkuðum texta. Gylfa tókst að finna handrit með textanum og var þá allt lagið endurunnið. Í útskrift er lagið á 11 síðum. Í nokkrum tilfellum þurftum við að lagfæra ritvillur sem voru augljósar með tilliti til samræminga á öðrum stöðum í verkinu. Þetta var eitt erfiðasta lagið í safninu. All verulegar lagfæringar.
- 54 Sönn ást (Ást til guðs og góðra manna)
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 5. Studdist við Fjólu bls. 11. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar lagfæringar.
- 55 Til sönggyðjunnar
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 3. Studdist við B10 og Fjólu bls. 23. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar lagfæringar.

- 56 Draumur hjarðsveinsins (Í birkilaut hvíldi ég)
 Staðfest að radds. er eftir Lundh no 21. Studdist einnig við Fjólu bls. 15 og B10.
 Í uppskrift P.Ís voru fyrstu 9 taktarnir skrifaðir út fyrir hljóðfæraleik en síðustu 7 taktarnir fyrir blandaðan kór. Ég breytti því allri radds. í útskrift f. blandaðan kór. Upphaflega samdi Ís.P þetta lag við sálm nr. 589 í gömlu sálmabókunum, „Guð faðir sé vörður og verndari þinn,“ eftir Valdimar Briem, en með texta Steingríms Thorsteinssonar er þetta best þekktu lag Ís.P. Nokkrar breytingar.
- 57.a Vögguvísa
 Staðfest að radds. er eftir Lundh no 28. Studdist einnig við Fjólu bls. 13 og B10.
 Radds. er í D-dúr 4ra radda. Lundh tekur það fram, að þetta lag megi syngja einradda með undirleik í D-dúrnum en vísar til þess að fyrir 4ra radda blandaðan kór eigi að syngja það í A-dúr og skrifar þannig út fyrstu tvo taktana. Að mati okkar Gylfa er það full hátt svo við förum millileiðina og birtum það líka í F-dúr. Lundh bendir líka á að hægt sé að syngja þetta lag í raddsetningu fyrir karlakór og skrifar upp fyrstu fjóra taktana í C-dúr. Sú raddsetning finnst ekki. Minniháttar lagfæringar.
- 57.b Vögguvísa
 Sjá hér að ofan, raddsetning fyrir 4ra radda blandaðan kór.
- 58.a Fjólan
 Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08 og Fjólu nr. 25. Lagið var skrifað út fyrir harmóníum með tilheyrandi bindingum á nótum í sömu hendingunum. Ég breytti því í undirleik fyrir píanó. Minniháttar lagfæringar.
- 58.b Fjólan
 Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Radds. f. einsöng með undirleik harmóníums. Studdist við B08. Ég breytti undirleiknum fyrir píanó með því að fella niður bogana. Minniháttar lagfæringar.
- 59 Við fossinn
 Staðfest að radds. er eftir Lundh no 31b. Studdist við B10. Í fyrstu 16 tóktum lagsins er raddsetning neðri raddannar skrifuð út að mestu sem frjáls undirleikur en í upptakinum að 17. takti til 20. takts er raddsetningin skrifuð út fyrir blandaðan 4ra radda kór. Breytingar mínar frá raddsetningu Lundhs eru:
 3. taktur 1: Bassi er $2x \frac{1}{8}$ nótur f - g en tenór er tvöfaldaður sem $1x \frac{1}{16}$ as. Til að forðast samstíga áttund ($//8$) milli tenórs og bassa væri as tónninn skrifaður inn á 1og bæti ég þar við í tenór $1x \frac{1}{16}$ nótu b.
 6. taktur 2 : Alt $2x \frac{1}{8}$ as verður að $1x \frac{1}{4}$ as.
 Hjá Lundhs er líka að finna aðra ófullkomna raddsetningu á no 31. þar sem hann skrifar fyrri hlutann út í tveimur röddum en án undirleiks og radds. í kórkaflanum er öðruvísi.
 Nokkrar lagfæringar.
- 60 Lóan kemur (Ég heyri ljóð þín lóa)

Staðfest að radds. er eftir Lundh no 39. Reyndar eru tvær töluvert mismunandi raddsetningar við þetta lag hjá Lundh. Tveir textar, annar eftir Freystein Gunnarsson sem er skrifaður hér undir laglínunni og hinn eftir Ís.P. Stuðst er við B10 og Fjólu bls. 10 sem líka er með textanum eftir Freystein. Laglína með frjálsum undirleik. Nokkrar breytingar.

- 61 Tímarnir líða
Studdist við A02 og Fjólu bls. 27. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar lagfæringar.
- 62 Á myrkraslóð
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B10 og Fjólu bls. 32. Fyrst 10 taktarnir eru mjög nálægt því að vera skrifaðir út fyrir 4ra radda blandaðan kór en síðari 11 taktarnir eru skrifaðir út fyrir 4ra radda blandaðan kór. Ég breytti því radds. þannig að hún er nú öll fyrir blandaðan kór. Nokkra breytingar.
- 63 Yfir djúpi
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08 og Fjólu bls. 16. Laglína með frjálsum undirleik. Nokkrar breytingar.
- 64 Sumar (Nú brosir vorsólin blíð og góð)
P.Ís skrifar taktvísinn sem 3/4 en þetta er greinilega lag í 6/8 eins og það stendur í Fjólu bls. 4 svo ég breytti því. Studdist einnig við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkrar breytingar.
- 65 Þegar vorar
Studdist við B08 og Fjólu bls. 22. Laglína með frjálsum undirleik. All nokkrar lagfæringar.
- 66 Austurfjöll (Þið ljómið heið og breið)
Stuðst við B10 og Fjólu bls. 14. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkur mismunur er á bæði leiðbeingarorðum og styrkleikamerkjum í ýmsum handritum af þessu lagi. Sem dæmi má nefna að í Fjólu stendur í upphafi Con modo en hjá P.Ís og í öðrum handritum stendur Commodo. Minniháttar lagfæringar.
- 67 Til fjalla (Án texta)
Radds. f. karlakór. Lag þetta er ekki nema 8 taktar. Endurtekning er frá byrjun og eru tveir síðustu taktarnir(2. volta) þá nokkuð frábrugðnir því sem stendur í 1. volta. Í handritum Ís.P er þær skrifaðar ýmist mismunandi eða eins, en við Gylfi ákváðum að hafa þessa takta mismunandi. Breyting á 1. Volta skv. A02. All nokkur yfirlega.
- 68 Á útleið (Nú lækka ljósir tindar)
Studdist við Fjólu bls. 20. Laglína með frjálsum undirleik. Hjá P.Ís og í nokkrum handritum er lagið í Es-dúr en í Fjólu og öðrum handritum er það í C-dúr. Ég breytti því þess vegna í C-dúr. Í 5. takti koma fyrir opnar samstígar fimmundir (/5) milli

bassa og tenórs. Ég lét það standa þó svo að þetta sé ekki leyft í klassískri hljómfræði. Nokkrar breytingar.

- 69 Á heimleið (Hve bjart að líta þig)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Í 13. takti 1 koma fyrir 6 raddir og á 6 5 raddir. Studdist við A02 og B08. Laglína með frjálsum undirleik. Við Gylfi þurftum að hafa töluvert fyrir textanum þar sem hann var til í ýmsum myndum. All nokkrar breytingar.
- 70 Innsýn (Í lautu hlíðar)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við A02 og Fjólu bls. 29. Raddsetningin var dæmigerð með öllum sínum bogum fyrir harmóníum undirleik. Breytti því í undirleik fyrir píanó. Nokkrar breytingar.
- 71 Um aftanstund
Studdist við Fjólu bls. 30. Laglína með frjálsum undirleik fyrir harmóníum með öllum sínum bogum. Breytti því í útsetningunni fyrir píanó. All nokkrar breytingar.
- 72 Vorgyðjan kemur
Studdist við B08 og Fjólu bls. 9. Laglína með frjálsum undirleik fyrir harmóníum með öllum sínum bogum. Breytti því í útsetningu fyrir píanó.
Í ljósriti af tveimur blöðum (B08) eru tvær samhljóma lagerðir með öðru lagi við þennan texta. Ég lít svo á að þetta sé frumgerð af því lagi sem hér er prentað. Nokkrar breytingar.
- 73 Til sönggyðjunnar (Láttu nú gyðjan mín góða)
Studdist við B10. Laglína með frjálsum undirleik, stundum meira en 4 raddir. Í 3.takti kemur auka millirödd milli sópran og alt. Milli þessarar aukaraddar og tenórs kemur fram samstígg áttund (8//) c hís sem er forboðin í klassískri hljómfræði. Ég strikaði því þessa aukarödd í burt. Til er annað lag (nr. 55) með þessu sama heiti en öðrum texta. Nokkrar breytingar.
- 74 Í landsýn (Af hafi sé ég)
Stuðst við B08 og Fjólu bls. 19. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í handritum stendur við þetta lag L sem bendir til að þessi útsetning sé eftir Lundh en hana er ekki að finna í hans frumgögnum. Önnur radds. er í A02. Minniháttar breytingar.
- 75 Bernskuminning (Mín barndómstíð)
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 4. Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Lagið er í Des-dúr en Lundh gerir athugasemd neðanmáls um að það myndi hljóma betur í Es-dúr og jafnvel í E-dúr. Frávik eru í textum 1. og 2. erindis. Upphaf 6. vísorðs í 1. erindi er jambískt með aukaatkvæði en í 2. erindinu byrjar 6. vísuorð trókískt. Við leysum það með því að merkja slitna boga milli 1 og 2 í 18. takti. Við lentum í smá erfiðleikum með texta Brynjúlfs á Minna Núpi þar sem mörg afbrigði eru til af honum. Nokkrar breytingar.
- 76.a Röddin (Ég stóð um nótt)

Staðfest að radds. er eftir Lundh no 6. Þetta lag stendur í Fjólu bls. 17. Þar er laglínan fyrir sólórödd skrifuð út sér og radds. í g- og f-lykli. Af einhverjum orsökum ákvað P.Ís að slengja saman laglínunni og undirleiknum í sinni uppskrift. Þetta er ekki svo gott að lesa þar sem nóturnar falla oft alls ekki vel saman. Lagið er því hér skrifað eins og það stendur í Fjólu. Verulega miklar breytingar á 76.a, 76.b og 76.c.

- 76.b Röddin (Ég stóð um nótt)
Raddsetning P.Ís fyrir einsöng og blandaðan kór. Ég setti inn raddirnar fyrir kórsönginn svo hægt væri að nota þetta lag. Þessi raddsetning var P.Ís nr. 77.
- 76.c Röddin (Ég stóð um nótt)
Raddsetning Sigfúsar Einarssonar fyrir einsöng og karlakór. Ég setti inn uppskiptan texta fyrir kórsönginn svo hægt væri að nota þetta lag.
- 77 Sumarkyrrð (Hallar degi. Sólin síð)
Var ekki í handriti P.Ís. Þessi 4ra radda raddsetning f. blandaðan kór kemur frá handriti B-18 og B09 þar sem kórpartarnir eru skrifaðir upp. Á þessu nr. var 76.b. Minniháttar breytingar
- 78 Söknuður (Hið hugblíða sumar)
Studdist við A02 og Fjólu bls. 34. Laglína með frjálsum undirleik, mjög nærri því að vera fyrir 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 79 Sjómenn (Fyrir á öldum)
Studdist við B08. P.Ís getur þess ekki að þessi raddsetn. er fyrir karlakór. Nokkuð frábrugðin raddsetning í A02. Minniháttar breytingar.
- 80 Hulda (Ég sá í draumi, svarrafljóð)
Studdist við A02 og B08. P.Ís getur þess ekki að þessi raddsetn. er fyrir karlakór. A08 er greinilega eldra handrit með fráviki í laglínu. Verulegar breytingar.
- 81a Kveðja (Við komum hér glaðir)
Stuðst við B08 og Fjólu bls. 34. Laglína með frjálsum undirleik. Ég tók nokkra boga frá Fjólu í burt til að miða undirleikinn við píanóleik. Nokkrar breytingar.
- 81b Kveðja (Við komum hér glaðir)
Stuðddist við B09. Radds. Þórarins Guðmundssonar fyrir einsöng og karlakór. Reyndar eru tvær útgáfur þessa lags í eiginhandarriti Þórarins, annar vegar í As-dúr og hins vegar í F-dúr sem við fórum eftir, báðar í flokknum B09. Milli 9. og 10. takts kemur fyrir samstígg fimmund milli bassa og tenórs, lagfært. Milli 11. og 12. takts kemur fyrir stökk fimmund milli 1. og bassa og 2. bassa, lagfært. Breytti aðeins nótnagildum kórsins í töktum 9 til 11 þar sem hann syngur með einsöngvaranum og setti inn texta fyrir kórin. All nokkrar breytingar.
- 82 Hér er bróðir, verk að vinna
Stuðst við B08 og Fjólu bls. 26. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í Fjólu eru á einum stað bogar sem minna á harmóníumleik, fjarlægði þá. Minniháttar breytingar.

- 83 Dagur (Þá lífs mín fegursta ljós mér skín)
Studdist við Fjólu bls. 8. Laglína með frjálsum undirleik. Í Fjólu og ritinu Hörpu eru þetta lag með öðrum texta: „Hver fetar svo létt.“ Finnst líka í A02. All nokkrar breytingar.
- 84 Lóan er komin
Studdist við B10 og Fjólu bls. 6. Fyrstu 8 taktarnir eru raddsetnir fyrir blandaðan kór, næstu 4 taktarnir eru fyrir einsöng með undirleik og síðustu 8 taktarnir eru aftur fyrir kórinn. Nokkrar breytingar.
- 85 Vort fósturland
Studdist við B08 og Fjólu bls. 18. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Laglína með frjálsum undirleik. Önnur raddsetning í B10.27. All nokkrar breytingar.
- 86 Ég beið þín um kvöld
Studdist við A02 og Fjólu bls 33. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.
- 87 Vormenn!
Studdist við B10 og Fjólu bls. 3. 4ra radda blandaður kór. Milli 9. og 10. takts kemur fyrir stökk fimmund hjá bassa og tenór, læt þær standa. Minniháttar breytingar.
- 88 Ó, fögur er vor fósturjörð
Studdist við B08 og Fjólu bls. 28. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.
- 89 Um löndin þegar líður
Var ekki í handriti P.Ís. Studdist við ljósritað eintak af frumdrögum Ís.P. Raddsetningin er laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar. Á þessu nr. var 50.b.
- 90 Hvað er framorðið
Studdist við B09. Laglína með frjálsum undirleik, mjög nálægt því að vera fyrir 4ra radda blandaðan kór. Gert fyrir Frímúrararegluna. Töluverðar breytingar.
- 91 Þótt glögg sé ei leiðin
Studdist við handrit B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Uppbygging textans er 6: 6 6 7 7 7 6. Öll vísuorð í 1. erindi byrja jambískt (þ.e. á veikum upptaktslið) en í 2. erindi byrjar 2. vísuorð trókískt (þ.e. á sterkum taktlið). Í 2. og 3. takti þurfti því að setja inn brotna boga svo að textinn skilaði sér rétt. Minniháttar breytingar.
- 92 Gavotte
Studdist við B08. Eins og nafnið ber með sér er þetta útsett sem hljóðfæraleikur. Felldi niður alla bogana á öllum hendingum. Nokkrar breytingar.

- 93 Preludium
Studdist við B08. Eins og nafnið ber með sér er þetta útsetning fyrir hljóðfæraleik og bogarnir sýndu að þetta var skrifað fyrir harmóníum. Ég felldi því niður all marga boga til þess að útsetningin passaði fyrir píanó. Töluverðar breytingar.
- 94 Góð er þér móðir
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Þetta erfiljóð er samið í minningu móður Ís.P, Margrétar Gísladóttur 1830-1914. Lagið er skrifað fyrir einsöng með harmóníum undirleik, ég felldi niður bogana að mestu fyrir píanóleik. Í 9. takti koma fyrir samstígar fimmundir milli bassa og sópran sem ég læt standa. Töluverðar breytingar.
- 95 Landnám (Þá Ísland var eyja)
Studdist við B08. P.Ís skrifar lagið út eins og útsetningu fyrir hljóðfæri en bara með því að breyta stefnu hálsa nótnanna, fella niður nokkra boga og bæta við nokkrum nótum í neðri röddunum varð þetta að radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í A02 er að finna aðra raddsetningu með eldri gerð textans. Töluvert miklar breytingar.
- 96 Glóbjört og síhlý
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Breyting á hljómfærði, 7. taktur 4 í tenór: a-h í stað h-h. Í A02 er önnur radds. Nokkrar breytingar.
- 97.a Mars
Studdist að mestu við B08. Útsetning fyrir hljóðfæraleik með mörgum bogum. Felldi þá niður svo að útsetningin er nú fyrir píanó. Frávik í 12. takti en eins í handriti B10. Frá tóktum 19. til 26. eru breytt útsetning og frávik í laglínunni hjá P.Ís miðaða við B08. Skrifvilla hjá P.Ís í 32. takti á 2og, alt á að vera dís en ekki e (biðtónninn 4-3). Töluverð yfirlega og breytingar.
- 97.b Ísland
Lag þetta sem byggt er á skjali B-3 er að mestu sama lag eins og 97.a en þó með nokkrum frávikum. Helstu breytingarnar eru að 97.a er skrifað út í 4/4 takti þar sem á mörgum 2. og 4. taktliðum eru punkteraðar 1/8 parts nótur og 1/16 parts nótur en í 97.b sem skrifað er út í 2/4 eru á 2 í flestum tilfellum tvær jafnar 1/8 parts nótur. Nokkrar breytingar.
- 98 Ævintýri sjómannsins
Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik með forspili og eftirspili. Í A02 og B08 eru aðrar útsetningar af þessu lagi. Nokkrar breytingar.
- 99 Ég leita þín (eða: Um laut og hlíð eftir Guðmund Guðmundsson)
Studdist er við B08. Laglína með frjálsum undirleik. Tók í burtu boga. Ekki sama útsetn. í A02. Nokkrar breytingar.
- 100.a Glaðir sér fuglar

Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Lag þetta er ýmist í 3/4 eða í 3/8 í þeim handritum sem það stendur í. Raddsetningin í C-dúr er með laglínu í sópran og frjálstan undirleik. Í 12. takti 3 er prentvilla hjá P.Ís í efri röddunum (c/g). Eftir fer-sexundarhljóminn á 1 (e/c) á bassatóninum g á að koma upplausn í þríhljóminn G-dúr (d/h) á 3 og það er svo í öllum öðrum heimildum. Minniháttar breytingar.

100.b Glaðir sér fuglar

P.Ís hef mjög líklega einnig gert raddsetningu fyrir karlakór í A-dúr á þessu sama lagi sem líklega hefur verið birt með öðrum handskrifuðum nótum. Taktboðinn er 3/4 en lagið er skrifað upp í 3/8. Þess má geta, að í B09 er skrifuð niður raddsetning á þessu sama lagi fyrir karlakór með 3/4 sem takboða.

101 Eldgama Ísafold

Studdist við B10 og niðurskrift Sigurðar Ísólfsdóttur í „Bláu bókinni“ 1947. Fyrstu 4 erindin eru sungin eins en í 5. og síðasta erindinu eru 7.-14. taktur sungnir öðru vísi. Raddsetningin er fyrir 4ra radda blandaðan kór. Freysteinn Gunnarsson gerði texta við þetta lag sem notaður er hjá Frímúrarareglunni: „Oft líður hugur heim.“ Þar er þessi breyting á laglínunni ekki með. Töluverðar breytingar.

102 Því brástu mér von mín

Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik, skrifað fyrir harmóníum. Felldi niður bogana til að gera þetta að útsetningu fyrir píanó. Í A02 er allt önnur 4ra radda radds. við þetta lag. All nokkrar breytingar.

103 Sólheitur morgunn

Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. P.Ís skrifar þetta lag í sinni samantekt sem frjálsta radds. neðri raddanna en í B08 eru að finna sérstaklega útskrifaðir kórpartar fyrir 4ra radda blandaðan kór svo ég fór eftir þeim. Töluvert miklar breytingar.

104 Útför (Hlotinn er friður)

Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Textinn er útfararsálmur. Minniháttar breytingar.

105 Ég lifi' og ég veit

Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Skráð eru 4 erindi úr þessum sálmi. Lagið er skrifað niður í 4/4. Í 1. vísuorði í takti 2 eru í 1. og 2. erindi 10 atkvæði en í 3. og 4. erindi eru 11 atkvæði. Í uppskriftinni á 1.,3. og 4. erindi eru 3. og 4. atkvæði því klofin og bundin með brotnum boga. Í sérstakri uppskrift á 2. erindinu er skrifuð punkteruð hálfnota og fjórðapartsnóta í 2. takti. Önnur uppskrift P.Ís er ekki alveg samhljóma þessari raddsetningu. Verulegar breytingar.

106 Nýár (Nú árið er liðið)

Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Lagið er í 4/4 f. blandaðan 4ra radda kór í G-dúr. Studdist við B08 í 4/8. Í B08 er önnur raddsetning í B-dúr og í A02 er nokkurn veginn sú sama útsetning í D-dúr. Minniháttar breytingar.

- 107 Móðir (Blessaða móðir)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 108 Kveldbæn (Án texta)
Studdist við B08. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
Ljóð eftir Ís.P sem heitir Kveldbæn (Guð faðir, góða nótt) passar alls ekki við þetta lag, en það er við lag nr. 21. Upphaf hvers vísuorðs í því ljóði er trókískt en lagið hér hefur upphaf allra vísuorða jambískt. Töluverð yfirlega en minniháttar breytingar.
- 109 Minning (Að heiman til friðar)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.
- 110 Vor (Upp til dala áður svalan)
Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik harmóníums. Felldi niður bogana til að gera útsetninguna fyrir píanó. Nokkuð sérstakt lag. All nokkrar breytingar.
- 111 Þín líkn, ó drottinn (Barnasöngur)
Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í B10 er annað lag líka með heitinu Barnasöngur: Nú dagsbrún hinsta dvínar (127). Minniháttar breytingar.
- 112 Þótt fundi slítum hér
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við mikið leiðrétt frumdrög í B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 113 Hve gott og fagurt
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í 14. takti 6. atkvæði skrifar P.Ís í bassa og tenór tóninn gís með áttundar millibili. Þetta er tvöfölduð þríund í 1. hljómhvörfum af E-dúr, þ.e. tvöfölduð þríund í sexundarhljómi sem er ekki leyfilegt. Ég breytti því tenór í tóninn h.
Í frumriti Ís.P stendur í 15. takti á 1. atkvæði tónninn fís í tenór. P.Ís breytti honum í gís sem framhald af óleyfilegri tvöföldun þríundar í hljómnunum á undan. Við það skrifar hann á þessu atkvæði IV. sæti sjöundarhljóm sem er töluverð ómstrítt. Miklu algengara er að hafa þennan hljóm í niðurlagi (kadens) lagsins á undan V. sæti sem II. sæti sjöundarhljómur með þríund í bassa eins og það stóð hjá Ís.P og því breytti ég þessum tóni. All nokkrar breytingar.
- 114 Friður (án texta)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Þar sem það vantar textann þá er erfitt með að segja um hvort þetta sé 4ra radda raddsetning fyrir blandaðan kór, en með því að tengja neðri raddirnar með bogum gæti það vel verið. Ein hljómfraeðileg breyting. Í takti 23.1-2 hjá P.Ís er tenór

með tvær 1/8 parts nótur h-a en ég breyti þeim í h 1/4 parts nótu. Í handriti P.Ís og í B08 skrifar hann: „Skrifist í A-dúr.“ Við það myndi tenór röddin liggja mjög hátt. Nokkrar breytingar.

- 115 Bæn (án texta)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við A02 og B08. Laglína með frjálsum undirleik. Í stað þess að afmarka hendingarnar með bogum höfum við sett // sem hendingaskil. Verulegar breytingar.
- 116 Til draumalandsins (Vögguvísa: Nú sefur lauf og sumarrós)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við A02 og leiðréttingum P.Ís í B08. P.Ís getur þess ekki að þetta er raddsetning fyrir karlakór. Í 11. takti eru 5. og 7. atkvæði ólæsileg og það sama á við um 13. takt 3. atkvæði svo ég varð að fara þar eftir öðrum handritum. Í 12. takti 1-3 geri ég hljómfræðilega breytingu. P.Ís skrifar hér tenór sem punkteraður fjórðipartur d og bassi samhljóma sem fjórðipartur d. Á 1. til 4. atkvæðis fer bassinn á 3. atkvæði sem skiptinóta niður á cís sem þýðir að þá hljómar saman cís-d-g-h sem er mjög ómstrítt þó svo að það sé á áherslulausu atkvæði. Betra er að láta tenór koma á 3. atkvæðinu með skiptinótuna e. Verulegar breytingar.
- 117 Bending (Gleði æskuáranna)
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 118 Sægyðjan (Ég vildi helst hvíla)
Studdist við B08.3. Laglína með frjálsum undirleik. Tók í burt töluvert af bogum. Lagið er öðru vísi í B08.1. Nokkrar breytingar.
- 119 Án titils
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik sem er mjög nálægt því að vera fyrir 4ra radda blandaðan kór en ekki er hægt að sjá það þar sem það vantar textann. Minniháttar breytingar.
- 120 Einbúinn
Studdist við B08. Radds. 4ra radda f. blandaðan kór. Í 5. takti á 4.og atkvæði skrifar P.Ís 1/16 parts nótu í tenór c sem er augljós prentvilla. Hér á að standa 1/16 parts nóta d. Minniháttar breytingar.
- 121 Stóð ég á bergi
Studdist við B08. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Laglína með frjálsum undirleik með mikið af bogum. Hreinsaði þá í burt. Í 10. takti kemur fyrir milli bassa og tenórs samstígg áherslufimmund og í 14. takti það sama. Lét það standa. Verulegar breytingar.
- 122.a Vögguvísa (Sofðu, góða barnið blíða)

Studdist við B08. Hrynháttur leiðréttur í 1. og 3. takti forspilsins skv. gögnum frá Ís.P. Radds. f. einsöng með undirleik harmóníums, mikið af bogum. Hreinsaði þá út svo nú er raddsetningin gerð fyrir píanó. Í A02 er önnur raddsetning yfirfarin af P.Ís. Ís.P breytti þessum texta sem upprunalega var Sofðu, sofðu í Sofðu, góða Nokkrar breytingar.

122.b Vögguvísa (Sofðu, góða barnið blíða)

P.Ís hef mjög líklega gert þessa radds. f. einsöng og blandaðan kór í D-dúr á þessu sama lagi sem líklega hefur verið birt með öðrum álíka handskrifuðum nótum. Í þessu skjali sem birt er sem B09 er titillinn Sofðu, sofðu barnið blíða en í öðru handriti breytir hann textanum í Sofðu, góða barnið blíða. Minniháttar breytingar.

123 Hekla

Þetta er eitt viðamesta verk Ís.P, radds. f. tenór og karlakór með píanóundirleik. Draga má þá ályktun að Sigurður Þórðarson hafi gert hana. Til er handskrifað eintak af þessu tónverki sem farið var eftir við niðurskrift þess á tölvutækt form. Nokkrar breytingar.

123.a.b og .c.d Hekla.

Þessar vinnunótur virðast eiga við um tónverkið Hekla nr. 123. Í uppskrift á þessum lögum studdist Gylfi við eiginhandarrit Ís.P sem merkt er III. b. Þar sem ég fékk ekki nein frumgögn í hendurnar eru þessi þrjú blöð ekki prófarkalesin. Minniháttar breytingar.

123.e.f og .g Hekla

Þessar vinnunótur virðast líka eiga við um tónverkið Hekla nr. 123. Í handritasafni P.Ís eru þær að finna í handritum B10 sem ég fór eftir. Minniháttar breytingar.

124 Sorgin (Án texta)

Þetta eru drög að tónsmíð. Þessi ófullgerða 4ra radda útsetning fyrir píanó eða harmóníum er hjá Lundh no. 8 en það er strikað yfir hana. Í nokkrum tilfellum var skráð dagsetning inn á blöð Lundhs og á þessu blaði stendur 09. 10. 1900. Líklega eiga þessar dagsetningar við um það hvenær Ís.P hefur samið þessi lög. Ís.P hefur sjálfur afritað þessa raddsetningu Lundhs, skjal B10 og hana er líka að finna á einu af þessum af þremur gulu blöðum með handskrifuðum nótum sem ekki er vitað hver gerði. Eftir 7 takta forspil kemur lagið sjálft. Í 8. takti kemur fyrir í útsetningu Lundhs samstígg áttund (/8) milli bassa og tenórs. Á gula blaðinu er því breytt þannig að í stað þess myndast stækkuð 2-und (stæ2) í tenór: d -ces. Ég leyfi þeirri breytingu að standa.

Milli 13. og 14. takts verður til samstígg hrein fimmund (/5) á milli bassa og tenórs. Milli 16. og 17. takts verður til samtstígg hrein áttund (/8) á milli bassa og tenórs, þar að auki eru allar raddir samtíggar. Þessar samtíggur gætu hafa verið ástæða þess að Lundh strikaði yfir þessa útsetningu. Töluverð yfirlega.

125 Til gleðinnar I

Þetta eru drög að tónsmíð. Stuðst er við skjal B-19 og eitt af þremur blöðum með handskrifuðum nótum sem ekki er vitað hver gerði en virðist vera hreinskrift af B-19. Minniháttar breytingar.

- 126 Til gleðinnar II
Þetta eru drög að tónsmíð. Stuðst er við skjal B-20 og eitt af þremur blöðum með handskrifuðum nótum sem ekki er vitað hver gerði.
Lagið er í 4/4. Í 2. takti á milli 3. og 4. atkvæðis verður til samstígg fimmund (/5) milli bassa og alts og sama samstígg verður til í 10. takti á milli 3. og 4. atkvæðis.
Einnig eru til eldri raddsetning sem Ís.P hefur sjálfur gert. Töluvert miklar breytingar.
- 127.a Nú dagsbrún hinsta dvínar
Samkvæmt frumgagn B-7. Raddsetningin er fyrir karlakór. Minniháttar breytingar.
- 127.b (Ó, kom þú drottinn kæri)
Samkvæmt frumgagn nr. B-31. Studdist við B08. Hér vísar Ís.P í texta sem hann segir vera eftir Ólaf Gíslason í Grimsby, „Ó, kom þú drottinn kæri,“ en hann hefur ekki fundist. Þessi raddsetningin er líka fyrir karlakór eins og 127.a en er nokkuð frábrugðin í 5. og 6. takti svo við birtum þessa raddsetningu líka með textanum frá 127.a. Minniháttar breytingar.
- 128 Þér heill sé foldin fríða (Án texta)
Alls eru til 4 frumgögn Ís.P að þessu lag, tvö merkt B08 í A-dúr og tvö merkt B10 í As-dúr. Inn á seinna blaðið í B10 er skrifað „ætti að vera í A eða G dúr“ svo við erum líka með þetta lag í A-dúr. Á fylgiblaði standa þessi orð Ís.P: „Þetta ljetta og stutta lag er ætlað fyrir ferða vísur þeirra sem ljetta sér upp á sumardag til að finna vini sína og dáðst að náttúruvegurð lands vors í sumarblíðunni.“ Raddsetningin er laglína með frjálsum undirleik, en með mjög litlum breytingum væri hægt að gera þetta að fjöggra radda raddsetningu ef þessi texti finndist. Skipting vísuorða gæti verið: 4: 7 6 7 6. Minniháttar breytingar.
- 129 Nú fram til starfa þér frjálsum menn (Án texta)
Samkvæmt frumgögnum B-8 og B08 en fyrst og fremst eftir vandaðri uppskrift B10. Raddsetning fyrir karlakór. Hér vísar Ís.P í texta sem ekki hefur fundist. Skipting vísuorða: 10: 9 8 9 8 8 8 8 6 6. Minniháttar breytingar.
- 130 Rökkur (fantasía)
Studdist við tvö skjöl merkt A02, reyndar er strikað yfir annað þeirra og einnig við ljósrit með hendi Ís.P. Endanleg gerð er sett saman úr öllum heimildunum og bundnar samhljóma fjórðapartsnótur eru gerðar að hálfnotum. Í 29 og 30 takti koma fyrir áhersluáttundir á 1. Í tóktum 34-36 er laglínutónninn g bundinn til enda í handritunum, en þar sem hér er gert ráð fyrir að lagið sé frekar spilað á píanó en á harmóníum læt ég slá g-tóninn aftur í 35 takti. Töluvert mikil yfirlega.
- 131 Vetur
Studdist við skjal B08. Einnig er til frumgagn B-28 en alls ekki er auðvelt að lesa úr þeim nótum. Útsetningin er fyrir hljóðfæri, laglína með frjálsum undirleik. Á bls. 3

koma tvö hljómfraðileg atriði fram, annars vegar er í 3. línu 9. takti óuppleyst sjöund í tenór og hins vegar kemur fram í 5. línu milli 7. og 8. takts í bassa og tenór samstígg opin fimmund (/5). Í 5. línu á bls. 3 eru 4. til 6. taktar skifaðir þannig að ekki er hægt að ná gripunum í hendurnar. Töluverð yfirlega.

132 Sumar

Eina heimildin fyrir þessu lagi er B10. Útsetningin virðist vera fyrir hljóðfæri, laglína með frjálsum undirleik. Á 1. blaðsíðu milli 2. og 3. takts kemur fyrir samstígg áttund (/8) milli tenórs og bassa og samstígg fimmund (/5) á milli undirraddanna og altsins. Í 7. takti 4-6 kemur fyrir samstígg fimmund (/5) milli bassa og sóprans. Milli 10 og 11. takts kemur fyrir samstígg áttund (/8) milli tenórs og bassa. Í 11. takti 1 er greinileg prentvilla hjá Ís.P, hann skrifar g í efri-altrödd en nótan á að vera fí (H-dúr). Í 5. línu 2. og 3. takti er griptæknilega ekki hægt að spila allar nóturnar. Í sömu línu er kadensinn á 5. takti nokkuð óvenjulegur. Þessi raddsetning er mjög snúin og það þurfti mikið til að koma henni heim og saman. Töluverð yfirlega og miklar breytingar.

133 Andvarp

Eina heimildin fyrir þessu lagi er nokkuð læsilegt ljósritað frumgagn með hendi Ís.P. 4ra radda radds. f. blandaðan kór. Minniháttar breytingar.

134 Ég man þá tíð

Aðeins er til eitt frumgagn, B10, sem ég fór eftir. Þetta er eina lag Ís.P þar sem koma fyrir synkópur. Laglína með frjálsum undirleik. Í 4. takti á 4og yfir á 5. takt á 1 eru í tenór minnkuð fimmund - hrein fimmund sem eru ekki leyfðar samstíggar fimmundir (/5). Nokkrar breytingar.

135 Mignon

Aðeins er til eitt frumgagn, B10, sem ég fór eftir. Þetta virðast vera forspil og millispila að leikþætti, útsett fyrir píanó. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.

136 Ég er kominn til að kveðja

Eina heimildin fyrir þessu lagi er ljósritað frumgagn með hendi Ís.P sem mjög erfitt er að lesa. 4ra radda frjáls raddsetning, mjög líklega fyrir hljóðfæri. Töluvert mikil yfirlega.

137 Hvöt

Eina heimildin fyrir þessu lagi er ljósritað frumgagn með hendi Ís.P. Þetta eru greinilega drög að lagi sem ætlað var fyrir einsöng (8 taktar) og kór (4 taktar). Við skrifuðum því kórþáttinn út sem 4ra radda raddsetningu fyrir blandaðan kór. Hljómfraðilega stenst þessi útskrift Ís.P nema í 7. takti 4 þar sem laglínan e - a í 2x 1/8 parts nótum kemur á eftir F-dúr hljómi með g í laglínu. Í 4. takti 3 í kórþættinum breyti ég tenór úr g í c til að fá betri víðan hljóm og í 6. takti og síðasta takti bæti ég við nóttunni h 1/8 á 2. takthluta þar sem hann kemur í frumritinu inn á 2og. Töluverð yfirlega.

138 Hnigin sól er að sæ

Raddsetning fyrir karlakór. Í ljósrituðum frumgögnum Ís.P eru tvær aðeins mismunandi gerðir af þessu lagi og því hef ég farið eftir þeim báðum. Texti lagsins hefur ekki fundist. Draga má þá ályktun að skipting textans hafi verið 5: 9 9 9 8 7 og fer ég eftir því í skiptingu á fjórðapörtum og bogum. Breytingar á hljómfraði geri ég í 13. takti 2 þegar ég bæti við g 1/4 parts nótu í 1. bassa og í 15. takti 2 í 2. tenór þegar ég geri h að 1/4 nótu en ekki 2x 1/8 nótur h g þar sem g passar ekki inn í hljóminn. Töluverðar breytingar.

- 139 Nú kveður harpa himnamál
Studdist við handrit B09, frumdrög með hendi Ís.P. Ekki hefur tekist að finna textann sem hann vísar í með þessu nafni. Engar breytingar.
- 140 Vorkveld/Vorkvöld
Eina heimildirnar fyrir þessu lagi eru tvö ljósrituð frumgögn með hendi Ís.P, í öðru þeirra er bara 9 taktar af laglínunni og Coda. Mjög erfitt er að greina nóturnar en hægt var að koma laglínunni saman með báðum handritunum. Hljómfraðilega stenst þessi útskrift Ís.P að mestu. Taktboðinn er 6/8. Með jambískum upptakti í hverju vísuorði er skipting textans 4: 9 9 9 9 en hann passa ekki vel við hrynhátt lagsins skv. takboðanum. Í fyrstu 8 tóktunum koma áherslulaus atkvæði textans á áhersluliði tónlistarinnar og áherslur í textanum koma á áherslulausa liði tónlistarinnar. Í seinni 8 tóktum lagsins er skipting textans 4: 6 6 6 6 með trókísku upphafi. Ís.P hefur ekki lokið við þann hluta ljóðsins. Á eftir kemur svo Coda, 5 taktar með jambísku upphafi án texta. Í 7. takti 1-3 kemur það sem virðist vera tómur hljómur á d (1 og 5), þar sem mjög erfitt er að lesa það sem þar stendur bæti ég við nóttunni fí (3) svo úr verður D-dúr þríhljómur. Töluverð yfirlega.
- 141 Frón (Það eitt sem oss bindur)
Eina heimildin fyrir þessu lagi er ljósritað frumgagn með hendi Ís.P. Hljómfraðilega stenst þessi útskrift Ís.P að mestu. Í 4. takti 3-4 skrifar Ís.P tóninn e í bassa sem er fimmundarstaða A-dúr hljóms, (fer-sexundarhljómur). Ég tók það í burtu svo hljómurinn stæði í eðlilegri grunnstöðu (a í bassa). Í 14. takti kemur samtíg fimmund (/5) í undirleiknum. Minniháttar breytingar.
- 142 Við bjargið gráa
Stuðst er við 3 ljósrit af frumdrögum Ís.P. Mjög erfitt að lesa þau. Í einu þeirra er takboðinn 6/8 en í tveimur þeirra er hann 3/4 sem við förum eftir. Í 1. takti 2 breyti ég þríhljómnnum g-h-h (tvöfölduð þríund) í g-h-d (fullkominn G-dúr þríhljómur). Í 6. takti 1 breyti ég hljómi á orðinu „blá-“ frá h/c (hljómlaysu) í G-dúr út frá laglínutóninum. Í 7. takti 3 skrifar Ís.P á bassatóninn d sjöund í tenór, í alt g-fís (4 -3: biðtónn) og í sópran h-a (6-5). Ég breytti því altinum í 1/4 fí til að fá ekki of ómstríðan hljóm (1-4-6-7) á áhersluatkvæði. Á eftir greinarskilunum í 4. línu koma tveir síðustu taktarnir einradda með öðrum endi í einu skjalinu. Í einu frumgagni Ís.P skrifar hann texta lagsins út og breytir eftirá textanum í 1. og 2. erindi. Töluverð yfirlega.
- 143 Maí rennur sól úr sævi

Frumdrög Ís.P í ljósriti, eingöngu laglínan. Í heiti lagsins vitnar Ís.P í ljóðið 1. maí eftir Jón Thoroddsen, en áherslur ljóðsins og lagsins passa engan veginn saman. Minniháttar breytingar.

144 Upp til fjalla

Frumdrög Ís.P í ljósriti, eingöngu laglínan. Ekki er vitað í hvaða texta hann vitnar, en bragarhátturinn gæti hafa verið 4: 8 7 8 7. Minnháttar breytingar.